

Vegagerðin  
Magnús Björnsson  
Miðhúsavegi 1  
600 Akureyri

2006080018  
7620; 9310

Reykjavík, 20. október 2006  
/--

**Efni: Upphéraðsvegur, 931, Fellabær - Ekkjufell, Fljótsdalshéraði. Ákvörðun um matsskyldu**

Vísað er til erindis Vegagerðarinnar dags. 4. ágúst 2006 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt framkvæmd við Upphéraðsveg, Fellabær-Ekkjufell samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10 c í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Fljótsdalshéraðs, Heilbrigðiseftirlits Austurlands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Fljótsdalshéraði með bréfi dags. 12. október 2006, Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 3. september 2006 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 13. september 2006. Frekari upplýsingar bárust frá Vegagerðinni með tölvubréfi dags. 19. október 2006.

**FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Vegagerðin fyrirhugar að breyta legu Upphéraðsvegar (vegnúmer 931) á milli Fellabæjar og Ekkjufells. Nýr vegur verður lagður á um 1,6 km löngum kafla og mun tenging við Hringveg (vegnúmer 1) vera 230 m norðar en núverandi tenging. Vegurinn verður 7,5 m breiður með bundnu slitlagi. Hönnunarhraði verður 80-90 km/klst. Framkvæmdasvæðið liggur um lönd Fellabæjar, Helgafells, Skipalækjar og Ekkjufells. Áætluð efnispörf er um 23.150 m<sup>3</sup> og koma 11.100 m<sup>3</sup> úr bergskeringum en gert er ráð fyrir því að verktaki sjái um að útvega annað efni, 16.300 m<sup>3</sup> í fyllingar og fláafleyga, 9.300 m<sup>3</sup> í efra burðarlag, 2.600 m<sup>3</sup> í neðra burðarlag og 350 m<sup>3</sup> í klæðingu. Magntölur geta breyst lítillega við lokahönnun. Áætlað er að framkvæmdir hefjist haustið 2006 og ljúki á næsta ári.

**Áhrif á núverandi landnotkun.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að vegurinn muni hafa áhrif á landnotkun í löndum Helgafells, Skipalækjar og Ekkjufells vegna skerðingar á þeim og þar sem vegurinn skiptir tónunum upp. Huga þurfi að símastreng, vatnslögn

og loftlínum sem eru á vegsvæði. Landeigendur Helgafells og Skipalækjar hafa komið með ábendingar til Vegagerðarinnar um að þeir hafi gert athugasemdir vegna legu Upphéraðsvegjar við gerð gildandi aðalskipulags og við endurskoðun þess sem nú er í gangi.

**Áhrif á landslag.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram veglínar liggur yfir tún og skeringar verða í klettaása sem eru einkennandi fyrir svæðið. Framkvæmdasvæðið er innan svæðis á náttúruminjaskrá, Fell, Fellahreppi (nú Fljótsdalshérað).

**Áhrif á gróður og fugla.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdin er talin hafa óveruleg áhrif á gróður og fugla.

**Samræmi við skipulagsáætlanir.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að breytingin er í samræmi við gildandi Aðalskipulag Fellahrepps 2000-2012 [nú Fljótsdalshérað]. Samkvæmt aðalskipulagi færirst Hringvegur til vesturs frá því sem nú er og þverar nýjan kafla á Upphéraðsvegi í stöð 200. Aðalskipulags Fljótsdalshéraðs er í endurskoðun en ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum sem gætu haft áhrif á Upphéraðsveg á þessum stað.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi á Upphéraðsvegi og tryggja greiðari samgöngur. Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi ekki umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfið en að með henni muni umferðaröryggi aukast á þessum kafla.

## **ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGD FRAMKVÆMDARAÐILA**

**Almennt.** Í umsögnum Fljótsdalshéraðs, Heilbrigðiseftirlits Austurlands og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

**Áhrif á núverandi landnotkun.** Sveitarstjórn Fljótsdalshéraðs bendir á að fyrirhuguð færsla vegarins sé eins og gert er ráð fyrir í Aðalskipulagi Fellahrepps 2000-2012 og þó hluti framkvæmdasvæðisins sé á náttúruminjaskrá skuli framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun bendir á að uppi eru hugmyndir um færslu Hringvegjar yfir Lagarfljót, sbr. teikningu 3 í tilkynningu framkvæmdaraðila og telur stofnunin að haga eigi framkvæmdum við Upphéraðsveg í Fellum með þeim hætti að ekki þurfi að koma til frekari vegagerðar á þessu svæði þegar ráðist verður í endurnýjun Lagarfljótsbrúar.

**Áhrif á landslag.** Umhverfisstofnun bendir á að fyrirhuguð veglína liggur um iðnaðarhverfi í Fellabæ, yfir framræst tún í löndum Helgafells, Skipalækjar og Ekkjufells og meðfram klapparholtum inn á núverandi veg við afleggjara að Ekkjufelli. Hluti fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis er innan svæðis nr. 646 á náttúruminjaskrá. Gildi þessa svæðis er talið felast í eftirfarandi: "*Afar sérkennilegt landslag, sem einkennist af fellum og klettaásam með mýrarsundum og vötnum á milli.*" Fyrirhugað sé að sveigja veglínuna að klettaásam norðan Ekkjufells og taka þar efni úr skeringum. Eins og fram kemur í tilkynningu framkvæmdaraðila eru klettaásarnir einkennandi fyrir landslag svæðisins en áhrif á ásýnd lands verða á takmörkuðu svæði nálægt þéttbýlinu við Fellabæ. Umhverfisstofnun telur þó að hlífa eigi þessum klettum við

raski eins og kostur er.

Í svari Vegagerðarinnar, dags. 19. október 2006, kemur fram að Vegagerðin telur að verði ný Lagarfljótsbrú byggð miðað við gildandi skipulag þurfi ekki að breyta Upphéraðsvegi á neinn hátt nema mögulega til að aðlaga gatnamót. Vegagerðin telur aftur á móti mögulegt að lega Lagarfljótsbrúar gæti breyst frá núverandi skipulagi þegar farið verður í endurbyggingu, sérstaklega ef farið verði út í að lengja Egilsstaðaflugvöll. Breytt lega brúar gæti haft áhrif á tengingar við Upphéraðsveg.

**Áhrif á gróður og fugla.** Umhverfisstofnun bendir á að votlendi á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði hefur þegar verið raskað og því ekki ástæða til að gera athugasemdir við legu vegarins og þar sem veglínan liggur að mestu leyti um svæði sem nú þegar hefur verið raskað telur Umhverfisstofnun ólíklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð áhrif á fuglalíf.

### **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða breytingu á legu Upphéraðsvegar (931) á milli Fellabæjar og Ekkjufells þar sem nýr vegur verður lagður á um 1,6 km löngum kafla og mun tenging við Hringveg (vegnúmer 1) vera 230 m norðar en núverandi tenging. Framkvæmdasvæðið liggur um lönd Fljótsdalshéraðs, Helgafells, Skipalækjar og Ekkjufells. Áætluð efnisþörf er um 23.150 m<sup>3</sup>. Áætlað er að framkvæmdir hefjist haustið 2006 og ljúki á næsta ári.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 c í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á landslag, sem einkennist af klettaásam, verði ekki veruleg en tekur undir með Umhverfisstofnun að hlífa eigi klettum við raski eins og kostur er. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á gróður og fuglalíf verði óveruleg.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Vegagerðarinnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að breyting á legu Upphéraðsvegar (931) á milli Fellabæjar og Ekkjufells sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Fljótsdalshéraðs skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og leita verður umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmdina skv. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd áður en framkvæmdaleyfi er veitt. Ef opnaðar verða nýjar námur vegna framkvæmdarinnar þarf að fjalla um efnistöku skv. VI. kafla laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og leggja fram áætlun um efnistöku áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 24. nóvember 2006.

Stefán Thors

Þóroddur F Þóroddsson

Afrit.

Umhverfissráðuneytið, Fljótsdalshérað, Heilbrigðiseftirlit Austurlands og Umhverfisstofnun